



Fundargerð

26. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur

8. febrúar 2022, kl. 14:00

Viðstaddir: Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristín Gyða Njálsdóttir, Ásdís Ragna Einarsdóttir
lýðheilsufulltrúi og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Rýnihóparannsókn - lýðheilsa á Suðurnesjum (2022020201)

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi greindi frá rýnihóparannsókn um lýðheilsu á Suðurnesjum sem er í undirbúningi og verður framkvæmd af Félagsvísindastofnun á næstu vikum. Rannsóknin er unnin sem framhald af stærra samfélagsgreiningar verkefni á Suðurnesjum.

2. Fjölskyldutími í íþróttahúsum í Reykjaneshæ (2022020202)

Um langt skeið hefur verið kallað eftir opnum fjölskyldutímum í íþróttamannvirkjum í Reykjaneshæ. Tilgangurinn er að foreldrar geti komið saman og stundað íþróttir með börnum sínum.

Lýðheilsuráð tekur undir þær hugmyndir og beinir til lýðheilsufulltrúa og íþrótt- og tómstundafulltrúa að útfæra og kostnaðarmeta hugmyndirnar um fjölskyldutíma í Reykjaneshæ til eflingar heilsu og samveru íbúa í bæjarfélaginu.

3. Heilsueflandi viðburðir 2022 (2021080347)

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi fór yfir þá viðburði sem eru framundan í mars. Framundan er Mottumars sem er áttak til að vekja athygli á krabbameini karlmannna og rafrænir fyrirlestrar fyrir fullorðna og ungmenni um mikilvægi svefns.

4. Kynning á [visitreykjaneshae.is](https://www.visitreykjaneshae.is) (2021110285)

Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar verkefnastofu mætti á fundinn og kynnti nýja vefsíðu hjá Reykjaneshæ, [visitreykjaneshae.is](https://www.visitreykjaneshae.is). Hún sýndi nefndarmönnum með hvaða hætti vefsíðan nýtist bæjarbúum og ferðamönnum, en á síðunni mun verða hægt að sjá alla viðburði og afþreyingu sem snúa að menningu, útivist og o.fl. tengt mannlífi í Reykjaneshæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.